

Nóvember 2024



Mat á áhrifum á börn

Leiðarvísir

Stjórnarráð Íslands

Mennta- og barnamálaráðuneytið

Útgefandi:

Mennta- og barnamálaráðuneytið

Mat á áhrifum á börn

Nóvember 2024

mrn@mrn.is

www.mrn.is

Umbrot og textavinnsla:

Mennta- og barnamálaráðuneytið

©2024 Mennta- og barnamálaráðuneytið

ISBN 978-9935-436-90-0

1. Efnisyfirlit

1. Efnisyfirlit	3
2. Réttindi barna	4
2.1 Af hverju mat á áhrifum á börn?	5
2.2 Grundvallaratriði við mat á áhrifum á börn	6
2.2.1 Þátttaka barna	6
2.2.2 Gagnaöflun	6
3. Mat lagt á hagsmuni barna	7
3.1 Fyrsta skref: Réttindi og áhrif	8
3.2 Annað skref: Mótvægisáðgerðir og samráð.....	9
3.3 Þriðja skref: Eftirfylgni	9
4. Viðauki	10
4.1 Sniðmát hagsmunamats	10
4.2 Yfirlitsútgáfa af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.....	10

2. Réttindi barna

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (barnasáttmálinn) felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að börn séu fullgildir einstaklingar með sjálfstæð réttindi, óháð réttindum fullorðinna. Með aðild að sáttmálanum skuldbinda ríki sig til þess að stuðla að bættum réttindum fyrir börn í samræmi við ákvæði hans en sáttmálinn kveður á um borgaraleg, stjórnmálaleg, efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi barna.

Hér á landi er barnasáttmálinn lögfestur með lögum um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 19/2013. Samkvæmt 4. gr. sáttmálans eiga aðildarríki að grípa til allra viðeigandi ráðstafana á sviði löggjafar, stjórn-sýslu, svo og á öðrum vettvangi til að réttindi barna samkvæmt barnasáttmálanum komi til framkvæmda. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. barnasáttmálans á það sem er barni fyrir bestu ávallt að hafa forgang m.a. þegar stjórnvöld og löggjafarstofnanir taka ákvarðanir eða gera ráðstafanir sem varða börn. Til þess að vita hvað sé barni fyrir bestu þarf að meta hvaða áhrif ákvarðanir og ráðstafanir hafa á börn. Innleiðing á formlegu mati á áhrifum á börn er liður í innleiðingu barnasáttmálans og stuðlar að því að stjórnvöld uppfylli kröfur 1. mgr. 3. gr. sáttmálans.

Í þingsályktun um barnvænt Ísland – framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna nr. 28/151, sem samþykkt var á Alþingi 10. júní 2021, er sett fram það markmið að hagsmunamat út frá réttindum barna verði hluti af skyldubundnu ferli við undirbúning lagafrumvarpa, stefnumótandi ákvarðana og ákvarðana um réttindi einstakra barna og að barnvænt hagsmunamat verði innleitt markvisst. Leiðbeiningar þessarar og sniðmát eru því hluti af innleiðingu aðgerðar 4.1. í þingsályktun um barnvænt Ísland.

Þá hefur nefnd um réttindi barnsins (barnaréttarnefndin), sem er alþjóðlegur eftirlitsaðili barnasáttmálans, lagt áherslu á að þörf sé á því að meta með kerfisbundnum hætti áhrif lagafrumvarpa, stefna eða ráðstöfun opinbers fjármagns á börn. Slíkt er til dæmis gert með því að framkvæma mat á áhrifum á börn, í daglegu tali gjarnan kallað hagsmunamat, eða barnvænt hagsmunamat, á fyrstu stigum ákvarðanatöku. Nefndin gefur reglulega út almennar athugasemdir um innleiðingu sáttmálans og er innleiðing hagsmunamats t.a.m. áréttað í almennri athugasemd barnaréttarnefndarinnar númer 5 um almennar aðgerðir við innleiðingu barnasáttmálans og almennri athugasemd númer 14 um mat á því sem er barni fyrir bestu. Þar kemur fram að þörf sé fyrir mat á áhrifum á börn, til að tryggja að hagsmunir barns séu í fyrirrúmi við allar aðgerðir sem varða börn og að öll ákvæði barnasáttmálans séu virt í löggjöf, stefnumótun og ákvörðunum opinberra aðila. Slíkt ferli þurfi að vera innbyggt í stjórnsýsluna og huga þurfi að því strax á fyrstu stigum. Þá hefur barnaréttarnefndin einnig beint þeim tilmælum til Íslands að gæta að því að reglunni um bestu hagsmuni barnsins sé beitt markvisst í framkvæmd.

Mat á áhrifum á börn (e. Child Right Impact Assessment, CRIA) hefur verið innleitt í mörgum löndum, svo sem Belgíu, Norður-Írlandi, Englandi, Wales, Svíþjóð, Finnlandi og Kanada. Mat á áhrifum á ákvörðunum og ráðstöfunum á börn getur verið útfært með ýmsum hætti en algengt er að lönd hafi þróað og nýtt sér sniðmát þar sem fram kemur til hvaða atriða þurfi að líta til við gerð matsins. Við vinnslu þessa leiðarvísis var einkum horft til almennra athugasemda barnaréttarnefndarinnar, leiðbeininga embættis umboðsmanns barna á Íslandi, sem byggja á leiðbeiningum frá umboðsmanni barna í Svíþjóð og reynslu annarra landa, þ.m.t. Skotlands, Kanada og Wales, af notkun hagsmunamats.

Leiðarvísir þessi er unninn í samvinnu við embætti umboðsmanns barna á grundvelli samnings sem gerður var vegna aðgerðar 4.1 í þingsályktun um barnvænt Ísland. Honum er fyrst og fremst ætlað að liggja til grundvallar við stefnumótandi ákvarðanatöku stjórnvalda, svo sem við gerð lagafrumvarpa, reglugerða, stefnu, aðgerðaáætlana o.fl. Hins vegar er ljóst að stjórnvöldum ber einnig að leggja mat á hagsmuni barna við einstaklingsákvarðanir en efni því til stuðnings má finna á heimasíðu umboðsmanns barna.¹

2.1 Af hverju mat á áhrifum á börn?

Mat á áhrifum á börn, eða barnvænt hagsmunamat, hefur verið talin áhrifarík leið fyrir stjórnvöld til að taka ákvarðanir sem byggja raunverulega á því sem er barni fyrir bestu hverju sinni og tryggir að hagsmunir barna séu hafðir að leiðarljósi og teknir til greina við lagasetningu, stefnumótun eða einstaka ákvarðanir er varða börn. Hagsmunamat er verkfæri til að kanna áhrif ákvarðana á börn og tryggja að þær séu í samræmi við réttindi barna. Þá er hagsmunamat hluti af innleiðingu barnasáttmálans og styður við vandaða löggjafar- og stjórnsýsluhætti.

Hagsmunamatið varpar ljósi á neikvæð eða jákvæð áhrif á börn og gerir börn og réttindi þeirra sýnilegri í ákvarðanatökum, stefnum og löggjöf. Mat á áhrifum ákvarðana á börn dregur úr mögulegum neikvæðum áhrifum sem ákvarðanir stjórnvalda kunna að hafa á börn þar sem tækifæri gefst til að endurmeta ákvörðunina ef vart verður við neikvæð áhrif og eftir atvikum taka aðra stefnu eða þá grípa til mótvægisáðgerða til að minnka neikvæð áhrif á börn. Þannig er hægt að meta kerfisbundin áhrif laga, stefna, reglugerða, fjárveitinga, og annarra ákvarðana stjórnvalda á börn með hagsmunamati.

¹ <https://www.barn.is/mat-a-thvi-sem-er-barni-fyrir-bestu/seinni-hluti/>

2.2 Grundvallaratriði við mat á áhrifum á börn

Grundvallaratriði í framkvæmd mats á áhrifum á börn er samráð og þátttaka barna og mat á því hvaða gögn eigi að liggja til grundvallar matinu.

2.2.1 Þátttaka barna

Til að hægt sé að leggja mat á áhrif á börn þarf að veita börnum tækifæri til þátttöku. Það er réttur barna að vera höfð með í ráðum við alla stefnumótun, lagasetningu og ákvarðanatöku sem varðar þau og stjórnvöldum ber skylda til að veita börnum raunveruleg tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hafa áhrif í samræmi við 12. gr. barnasáttmálans.

Taka þarf afstöðu til þess hverju sinni hvernig haga beri samráði eða þátttöku barna við framkvæmd hagsmunamats. Þá ber einkum að líta til eðli ákvörðunar eða ráðstöfunar og umfangi þeirra áhrifa sem fyrir séð eru á réttindi barna. Það er hægt að uppfylla kröfu um þátttöku barna með mismunandi hætti. Í sumum tilvikum kann að vera fullnægjandi að byggja á fyrirbyggjandi upplýsingum um skoðanir barna. Það á einkum við í þeim málum þar sem ætla má að börn verði fyrir takmörkuðum áhrifum af þeirri ákvörðun sem verið er að leggja mat á. Önnur mál eru þess eðlis að hafa þarf sérstakt samráð við börn og á það sérstaklega við um mál sem varða börn með nokkrum eða töluverðum hætti. Slíkt samráð getur tekið til barna almennt eða ákveðinna hópa barna t.d. barna á ákveðnu aldursbili eða barna sem deila sambærilegri reynslu eða bakgrunni. Þá er einnig hægt að leita til sérstakra ráða barna sem eru starfrækt, svo sem nemendaráða, ungmennaráða af ýmsu tagi, eins og innan félagasamtaka eða sveitarfélaga, eða ráðgjafarhópa barna.

Börn eru ekki einsleitir hópur og því er mikilvægt að viðhafa samráð við ólíka hópa barna, svo sem fötluð börn, börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og aðra hópa barna sem eru í viðkvæmri stöðu. Ef ljóst er að ákvörðun mun hafa aukin áhrif á ákveðinn hóp barna ber að leita eftir samráði við þann hóp. Þá er mikilvægt að gerð sé grein fyrir því hvernig samráðið hafði áhrif á málið og að börn sem tóku þátt í samráðinu fái upplýsingar um niðurstöðuna og hvernig skoðunum þeirra var gefið vægi.

2.2.2 Gagnaöflun

Þegar leggja á mat á hagsmuni barna þarf að ganga úr skugga um að nauðsynleg gögn liggi fyrir. Hér getur m.a. verið um að ræða upplýsingar um gagnreyndar aðferðir, tölfræðileg gögn um stöðu barna og niðurstöður rannsókna. Það fer eftir eðli máls hverju sinni hvaða gögn eru nauðsynleg til að leggja mat á hagsmuni barna. Ef í ljós kemur að gögn eða almennar upplýsingar skortir um atriði sem hafa þýðingu varðandi mat á áhrifum á börn þarf að kanna hvort hægt sé að afla þeirra með einhverjum hætti.

3. Mat lagt á hagsmunum barna

Þegar sett er af stað vinna hjá stjórnvöldum sem miðar beint eða óbeint að því að teknar verði ákvarðanir eða gerðar ráðstafanir sem varða börn, t.a.m. við gerð lagafrumvarpa, stefna, reglugerða, áætlana o.fl. er mikilvægt að hefja strax vinnu við gerð mats á áhrifum á börn og huga að matinu samhliða vinnunni. Þegar búið er að viðhafa samráð og nokkur mynd komin á drög að því sem verið er að vinna að (t.d. lagafrumvarp eða stefna) er gert ráð fyrir að sniðmát fyrir mat á áhrifum á börn verði fullunnið til þess að draga fram þau áhrif sem ákvörðunin eða ráðstöfunin hefur á börn. Hversu ítarlegt matið á að vera fer eftir eðli máls hverju sinni en matið fer fram í skrefum og vægi hvers þáttar getur verið mismunandi. Eftir því sem áhrif á börn eru meiri þarf matið að vera umfangsmeira.

Þegar samráð við börn er viðhaft skal leitast eftir því að velja þá leið til samráðs sem hentar málefnum best og þeim barnahóp sem ná þarf til. Einnig þarf að gæta að þeim atriðum sem komu fram í kafla 1.2.1 en embætti umboðsmanns barna hefur tekið saman umfjöllun um samráð við börn sem hægt er að styðjast við [hér](#).²

Sniðmát um hagsmunamat barna sem hægt er að fylla inn í er að finna í kafla 3.1. Verður nú nánar vikið að þeim atriðum sem eru í sniðmátinu og hafa þarf í huga þegar hagsmunir barna eru metnir.

² <https://www.barn.is/born-og-unglingar/samrad-vid-born/>

3.1 Fyrsta skref: Réttindi og áhrif

Mikilvægt er að fara í gegnum fyrsta skref matsins áður en leitað er til barna varðandi skoðanir þeirra á málefnum.

Hvað verður metið

- Hvað á að meta?
- T.d. lagafrumvarp, reglugerð, stefnu, aðgerðar- eða framkvæmdaáætlun.
- Hvert er markmið ákvörðunarinnar og eru einhver sérstök markmið sem snúa að börnum?

Barnasáttmálinn

- Á hvaða réttindi barna reynir á út frá barnasáttmálanum?
- Mikilvægt er að hafa sérstaklega í huga meginreglur barnasáttmálans:
- 2. gr. - jafnræði.
- 3. gr. - það sem er barni fyrir bestu.
- 6. gr. - réttur til lífs og þroska.
- 12. gr. - réttur til þátttöku.
- [Hér](#)³ má finna barnasáttmálann í heild sinni.
- [Hér](#)⁴ má finna fræðsluefni um barnasáttmálann.

Áhrif á börn

- eru áhrif á börn talin vera jákvæð, neikvæð eða hlutlaus?
- eru áhrif á börn bein eða óbein?
- eru áhrif á börn til lengri tíma eða skemmri tíma?
- verða ákveðnir hópar barna fyrir meiri áhrifum en aðrir? Ef já, hvaða hópar eru það?
- hér þarf sérstaklega að hafa í huga áhrif á viðkvæma hópa barna.
- með ólíkum hópum getur m.a. verið átt við börn á ákveðnum aldri, t.d. ung börn, ungmenni, o.s.frv.

Gögn sem matið byggir á

- hvaða gögn liggja til grundvallar matinu?
- t.d. rannsóknir, tölfræðiupplýsingar, opinberar skýrslur, niðurstöður barnaþinga, niðurstöður samráðs við börn eða hagsmunahópa.

³ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013019.html>

⁴ <https://www.barnasattmali.is/>

3.2 Annað skref: Mótvægisáðgerðir og samráð

Ráðstafanir vegna neikvæðra áhrifa

- Hvað verður gert til þess að draga úr neikvæðum áhrifum á börn?
 - Ef matið hefur leitt í ljós að fyrirhuguð ákvörðun hefur neikvæð áhrif á börn ber að leita leiða til þess að draga úr þeim áhrifum og grípa til mótvægisáðgerða.

Þátttaka barna

- Hvernig var samráði við börn háttað í vinnunni?
- Til að hægt sé að meta áhrif á börn með fullnægjandi hætti þarf að taka til greina sjónarmið barna sem koma til með að verða fyrir áhrifum. Mikilvægt er að skrá til hverra var leitað eftir samráði, hvernig samráðið fór fram og að hvaða leyti var tekið tillit til þess sem fram kom í samráðinu.

3.3 Þriðja skref: Eftirfylgni

Birting mats á áhrifum á börn

- Hvernig verður matið birt?
 - Mikilvægt er að birta hagsmunamatið með einhverjum hætti og að það sé aðgengilegt öðrum til að tryggja gagnsæi.
- T.d. væri hægt að birta matið sem fylgigögn í Samráðsgátt stjórnvalda þegar málin sem það tengist eru birt þar.

Áhrif breytinga

- Hvernig verður eftirfylgni háttað með innleiðingu viðkomandi skjals (t.d. lagafrumvarps, reglugerðar, stefnu eða framkvæmdaáætlunar) og áhrifum á börn til lengri tíma?
- Hvernig verður fylgst með árangri mótvægisáðgerða, ef þeim er til að dreifa?
- Hvernig verður endurmati háttað eftir ákveðinn tíma?
- Upplýsingar um velferð barna og skoðanir má meðal annars finna í mælaborði stjórnvalda um farsæld barna, gögnum Rannsóknar og greininga, Íslenskra æskulýðsrannsókna, Skólapúlssins, niðurstöðum barnaþinga eða úr niðurstöðum samráðs vegna annara mála.

Upplýsingar til samráðshóps

- Hvernig verður sá hópur barna, sem tók þátt í samráðinu upplýstur um hvaða áhrif þátttaka þeirra hafði á framvindu málsins?
- Mikilvægt er að slík upplýsingagjöf feli í sér skýrar útskýringar, á barnvænan hátt, á því hvaða vægi skoðunum þeirra var gefið og hvernig það var tekið inn í matið. Ef ekki var tekið tillit til skoðana þeirra þarf að útskýra hvaða önnur sjónarmið vógu þyngra.

4. Viðauki

4.1 Sniðmát hagsmunamats

Sniðmát fyrir hagsmunamat barna er birt á vef Stjórnarráðsins undir Gögn – Rit og skýrslur.

4.2 Yfirlitsútgáfa af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins

1 HUGTAKIÐ BARN	2 ÖLL BÖRN ERU JÖFN	3 ÞAD SEM BARNINU ER FYRIR BESTU	4 RÉTTINDI GERD AD VERULEIKA	5 LEIÐSÖGN FJÓLSKYLDU	6 LIF OG ÞROSKI	7 NAFN OG RIKISFANG
8 PERSONULEG AUKKENNI	9 TENGLI VID FJÓLSKYLDU	10 TENGLI VID FORELDRA I ÖÐRUM LÖNDUM	11 VERND GEGN BROTTNAMI	12 VIRÐING FYRIR SKÖÐUNUM BARNNA	13 FRELSI TIL AD DEILA HUGMYNDUM SINUM	14 SKÖÐANA- OG TRUFRELSI
15 FELAGAFRELSI	16 PERSONUVERND OG EINKALIF	17 AÐGENGI AD UPPLYSINGUM	18 ÁBYRGÐ FORELDRA	19 VERND GEGN OFBELDI	20 UMÖNNUN UTAN FJÓLSKYLDU	21 ÆTTLEIDD BÖRN
22 BÖRN SEM FLOTTAMENN	23 FÓTLUD BÖRN	24 HEILSUVERND, VATN, MATUR, UMHVERFI	25 ÆTIRLIT MED VISTUN BARNNA UTAN HEIMILIS	26 FELAGSLEG OG EFNAHAGSLEG AÐSTOD	27 NÆRING, FÓT OG ÖRUGGT HEIMILI	28 AÐGANGUR AD MENNTUN
29 MARKMIÐ MENNTUNAR	30 MENNING, TUNGUMÁL, TRÚARBRÓÐ MINNIHLUTAHOFA	31 HVILD, LEIKUR, MENNING OG LISTIR	32 VERND GEGN SKADLEGRI VINNU	33 VERND GEGN SKADLEGUM VIMUEFNUM	34 VERND GEGN KYNFERDISOFBELDI	35 VERND GEGN BROTTNAMI, VÆNDI OG MANSALI
36 VERND GEGN MISBETTINGU	37 BÖRN I HALDI	38 VERND I STRÍÐI	39 BATI OG ADLÖGUN	40 BÖRN SEM BRJOTA LÖG	41 BESTU LÖGIN GILDA	42 ALLIR VERDA AD ÞEKKJA RÉTTINDI BARNNA
43-54 HVERNIG BARNASÁTTMÁLINN VIRKAR	<h1>BARNASÁTTMÁLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA</h1>					

 <p>1 HUGTAKIÐ BARN</p> <p>Barn er einstaklingur undir 18 ára aldri.</p>	 <p>2 ÖLL BÖRN ERU JÖFN</p> <p>Öll börn eiga að njóta allra réttinda Barnasáttmálans án tillits til hver þau eru, hvar þau búa, hvaða tungumál þau tala, á hvað þau trúa, hvernig þau hugsa og líta út, af hvaða kyni þau eru, hvort þau eru fötluð, rík eða fátæk og án tillits til þess hvað fjölskylda þeirra gerir eða trúir á. Aldrei skal koma fram við barn af óréttlæti.</p>	 <p>3 ÞAG SEM BARNINU ER FYRIR BESTU</p> <p>Þegar fullorðnir taka ákvarðanir eiga þeir að hugsa um hvaða áhrif þær hafa á börn og eiga að gera það sem er best fyrir þau. Stjórnvöld eiga að tryggja að foreldrar verndi börn sín og gæti þeirra eða aðrir í þeirra stað þegar þörf er á. Stjórnvöld eiga að sjá til þess að fólk sem ábyrgt er fyrir börnum hafi hagsmuni þeirra alltaf að leiðarljósi og staðir sem ætlaðir eru börnum uppfylli einnig þær skyldur.</p>
 <p>4 RETTINDI GERD AD VERULEIKA</p> <p>Stjórnvöld þurfa að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að sjá til þess að hvert og eitt barn njóti allra réttinda Barnasáttmálans.</p>	 <p>5 LEIÐSÖGN FJÖLSKYLDU</p> <p>Fjölskyldur bera ábyrgð á að leiðbeina börnum sínum og fræða þau um réttindi sín. Eftir því sem börn verða eldri hafa þau minni þörf fyrir leiðsögn fjölskyldna sinna. Stjórnvöld skulu virða ábyrgð, réttindi og skyldur fjölskyldna.</p>	 <p>6 LIF OG ÞROSKI</p> <p>Öll börn eiga rétt á því að lifa og þroskast og skulu stjórnvöld tryggja það.</p>
 <p>7 NAFN OG RIKISFANG</p> <p>Börn skal skrá við fæðingu og þau eiga rétt á nafni og ríkisfangi – að tilheyra landi. Alltaf þegar hægt er skulu börn þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra.</p>	 <p>8 PERSONULEG AUBKENNI</p> <p>Börn eiga rétt á sínum eigin auðkennum – sem skráð skulu opinberlega, um hver þau eru, m.a. nafn, þjóðerni og fjölskyldutengsl. Ekki má taka frá börnum auðkenni þeirra og ef það er gert skulu stjórnvöld aðstoða við að bæta úr því.</p>	
 <p>9 TENGLIÐ VID FJÖLSKYLDU</p> <p>Ekki skal skilja börn frá foreldrum sínum nema þegar það er nauðsynlegt fyrir öryggi og líðan barna – til dæmis ef foreldri meidir barn eða hugsar ekki vel um það að öðru leyti. Börn eiga rétt á því að vera í góðum tengslum við báða foreldra sína ef þeir búa ekki saman nema það sé talið skadlegt fyrir þau.</p>	 <p>10 TENGLIÐ VID FORELDRA I ÖÐRUM LÖNDUM</p> <p>Ef barn býr í öðru landi en foreldrar þess eiga stjórnvöld að leyfa barni og foreldrum að ferðast frjálst svo þau geti haldið sambandi og verið saman.</p>	 <p>11 VERND GEGN BROTTNAMI</p> <p>Stjórnvöld eiga að tryggja að ekki sé farið ólöglega með börn úr landi, til dæmis að börnum sé ekki rænt eða þeim haldið erlendis.</p>

 <p>12 Börn eiga rétt á því að tjá sig frjálsglega um öll málefni sem hafa áhrif á líf þeirra. Fullorðnir eiga að hlusta og taka mark á þeim.</p>	 <p>13 Börn eiga rétt á því að deila skoðunum sínum, vitneskju og hvernig þeim líður með öðrum með því að tala, teikna eða tjá sig á annan hátt, svo lengi sem það hefur ekki skaðleg áhrif á annað fólk.</p>	 <p>14 Börn eiga rétt á frjálsri hugsun og að velja sér trúarbrögð og eigin hugmyndir, svo lengi sem það hindrar ekki aðra í að njóta réttinda sinna. Í uppeldi geta foreldrar leiðbeint börnum sínum um hvernig megi nýta þessi réttindi að fullu.</p>
 <p>15 Börn eiga rétt á því að stofna sín eigin félög og hópa og þau mega hitta vini og félag, svo lengi sem það brjóti ekki gegn réttindum annarra.</p>	 <p>16 Öll börn eiga rétt á einkalífi. Löggin eiga að vernda einkalíf barna, fjölskyldur og heimili. Börn eiga líka rétt á því að samskipti þeirra við aðra, orðspor þeirra og fjölskyldna þeirra sé verndað með lögum.</p>	 <p>17 Börn eiga rétt á því að sækja upplýsingar af Internetinu, úr sjónvarpi, útvarpi, tímaritum, bókum og öðrum miðlum. Fullorðnir eiga að gæta þess að upplýsingarnar séu börnum ekki skaðlegar. Stjórnvöld eiga að hvetja útgefendur og fjölmiðla til þess að deila upplýsingum með fjölbreyttum leiðum sem öll börn skilja.</p>
 <p>18 Foreldrar bera aðalábyrgð á uppeldi barna sinna. Þegar barn á ekki foreldra tekur annað fullorðið fólk við ábyrgðinni á uppeldi barnsins. Þeir sem annast uppeldi eiga að meta og taka tillit til þess sem er barninu fyrir bestu og eiga stjórnvöld að hjálpa og leiðbeina þeim. Þegar barn á tvo foreldra bera þeir almennt báðir ábyrgð á uppeldi barnsins.</p>	 <p>19 Stjórnvöld eiga að vernda börn gegn ofbeldi, misbeitingu og vanrækslu af hendi allra þeirra sem annast þau.</p>	 <p>20 Barn sem ekki nýtur umönnunar fjölskyldu sinnar á rétt á því að hugsað sé um það af fólki sem ber virðingu fyrir trúarskoðunum þess, menningu, tungumáli og öðru sem varðar líf barnsins.</p>
 <p>21 Þegar börn eru ættleidd er mikilvægt að það sem er barni fyrir bestu sé haft að leiðarljósi við alla ákvarðanatöku. Ef ekki er hægt að veita barni umönnun og fullnægjandi uppeldisaðstæður í heimalandi þess getur komið til ættleiðingar milli landa.</p>		

 <p>22 Börn sem þurfa að flyja heimaland sitt sem flóttamenn eiga rétt á vernd og stuðningi við að nýta sér þau réttindi sem þau eiga samkvæmt Barnasáttmálanum í nýja landinu.</p>	 <p>23 Fötluð börn eiga rétt á því að lifa við aðstæður sem gerir þeim kleift að lifa eins góðu lífi í samfélaginu og vól er á. Stjórnvöld eiga að fjarlægja hindranir svo öll börn geti orðið sjálfstæð og tekið þátt í samfélaginu með virkum hætti.</p>	 <p>24 Börn eiga rétt á bestu heilbrigðisþjónustu sem vól er á, hreinu drykkjarvatni, hollum mat og hreinu og öruggu umhverfi. Allir eiga að fá upplýsingar um hvernig sé hægt að lifa öruggu og heilbrigðu lífi.</p>
 <p>25 Börn sem hafa verið vistuð utan heimilis, þeim til verndar, umönnunar eða af heilsufarsástæðum, eiga rétt á því að meðferð þeirra og allar aðrar aðstæður séu kannaðar reglulega til þess að ganga úr skugga um að allt gangi vel og að það sé enn best fyrir barnið að vera vistað á viðkomandi stað.</p>	 <p>26 Börn sem búa við fátækt eiga rétt á aðstoð. Stjórnvöld skulu tryggja þann rétt með því að útvega peninga og annars konar stuðning.</p>	 <p>27 Börn eiga rétt á því að fá næringu, fatnað og öruggt heimili svo þau geti þroskast á sem bestan hátt. Stjórnvöld eiga að aðstoða fjölskyldur sem hafa ekki kost á því að veita börnum framangreint.</p>
 <p>28 Öll börn eiga rétt á menntun. Grunnmenntun á að vera ókeypis og öll börn eiga að hafa aðgang að framhaldsmenntun. Hvetja á börn til þess að mennta sig. Aldrei má beita barn ofbeldi eða niðurlægja það, svo sem vegna brota á skólareglum.</p>	 <p>29 Menntun á að hjálpa börnum að læra að rækta sjálfsmynd sína, hæfileika og færni. Hún á að kenna þeim að þekkja réttindi sín og að virða réttindi annarra, menningu þeirra og fjölbreytileika. Menntun á að hjálpa þeim að lifa friðsamlega og að vernda náttúruna.</p>	
 <p>30 Börn eiga rétt á að iðka eigin trú, tala sitt tungumál og viðhalda menningu sinni.</p>	 <p>31 Öll börn eiga rétt á hvíld, leik og að taka þátt í menningarlífi.</p>	 <p>32 Börn eiga rétt á vernd gegn því að vinna hættuleg störf eða störf sem eru slæm fyrir skólagöngu þeirra, heilsu eða þroska. Ef börn stunda vinnu eiga þau rétt á því að gera það í öryggi og að fá sanngjörn laun fyrir.</p>

 <p>33 Stjórnvöld eiga að vernda börn gegn</p> <p>því að nota, búa til, bera á sér eða selja skaðleg vimeufni.</p>	 <p>34 Stjórnvöld eiga að vernda börn gegn kynferðisofbeldi, þar með talið að vernda þau fyrir því að vera neydd í vændi, að teknar séu kynferðislegar myndir eða gerð kynferðisleg myndbönd af þeim.</p>	 <p>35 Stjórnvöld eiga að tryggja að börn séu ekki numin á brott, seld, eða flutt til annarra landa eða staða til að láta þau vinna og þræla án launa.</p>
 <p>36 Stjórnvöldum ber að vernda börn gegn hvers kyns annarri misbeitingu.</p>	 <p>37 Börn sem sökuð eru um að brjóta lög má ekki lífláta, pynta, koma grimmilega fram við, fangelsa til lífstíðar eða fangelsa með fullorðnum. Fangelsi skal alltaf vera síðasti valkostur og einungis í stysta mögulega tíma. Börn í fangelsum skulu fá lögfræðiaðstoð og fá að vera í tengslum við fjölskyldu sína.</p>	
 <p>38 Börn eiga rétt á vernd í stríði. Ekkert barn yngra en 15 ára á að sinna herþjónustu eða taka þátt í stríði.</p>	 <p>39 Börn eiga rétt á því að fá hjálp ef þau hafa meiðst eða verið særð, vanrækt, komið hefur verið illa fram við þau eða þau orðið fyrir áhrifum af stríði svo þau nái aftur heilsu og reisn.</p>	 <p>40 Börn sem sökuð eru um að hafa brotið lög eiga rétt á lögfræðiaðstoð og réttlátri málsmeðferð. Fyrir hendi eiga að vera mörg viðeigandi úrræði og tækifæri til að hjálpa þeim börnum að verða virkir þátttakendur í samfélaginu. Fangelsi skal vera síðasta úrræðið.</p>
 <p>41 Ef lög landsins vernda rétt barna betur en Barnasáttmálinn á að styðjast við þau.</p>	 <p>42 Stjórnvöld skulu fræða börn og fullorðna um Barnasáttmálan reglulega svo allir þekki réttindi barna.</p>	 <p>43-54 Þessar greinar segja frá því hvernig stjórnvöld, Sameinuðu þjóðirnar, Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna og fleiri stofnanir og félag starfa til að tryggja að öll börn njóti sinna réttinda.</p>



BARNASÁTTMÁLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

– Í BARNVÆNNI ÚTGÁFU

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er mikilvægur samningur gerður af löndum sem hafa lofað að standa vörð um réttindi barna.

Barnasáttmálinn útskýrir hvað það þýðir að vera barn, öll réttindi þeirra og skyldur stjórnvalda. Öll réttindin í sáttmálanum tengjast, þau eru öll jafn mikilvæg og ekki er hægt að taka þau af börnum.

Á vefsíðunni www.barnasattmali.is er hægt að nálgast Barnasáttmálann í heild sinni auk þess sem þar er að finna fróðleik og verkefni um hann.

Þessi texti er þýddur af frummáli hans, ensku, en sá texti hlaut stuðning barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna.



- [Bæklingur um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna](#)

